

## **Greinargerð með starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar vegna Fiskeldissins Haukamýri**

Fiskeldið Haukamýri ehf. sækir um starfsleyfi til að reka fiskeldisstöð í Haukamýragili, í nágrenni Húsavíkur. Stöðin er landsstöð með losun í sjó og stundar bleikjueldi og eldi á laxaseiðum og hefur verið fiskeldi á þessum stað síðan 1980, samkvæmt umsókninni.

Vegna aðstæðna í Haukamýragili, einkum vegna brims, ákvað rekstraraðili að óska eftir því að notuð yrði heimild samkvæmt ákvæðum 9. greinar reglugerðar nr. 799/1999, um fráveitur og skólpi, sem heimilar að heilbrigðisnefnd leyfi aðrar ráðstafanir en að veita skólpi til sjávar minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Skilyrði fyrir þessari heimild er að um landfræðilegar aðstæður sé að ræða.

Bréf fylgdi umsókninni frá Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra þar sem fallist var á það sjónarmið að landfræðilegar aðstæður mæltu með annarri lausn í þessari stöð. Fram kom í bréfinu að í þessum tilgangi væri rétt að hreinsa frárennslið með tromlusíum eða nota aðra sambærilega tækni.

Deiliskipulag hefur ekki verið gert fyrir svæðið, en samkvæmt reglugerð ber að láta deiliskipulag fylgja umsókn um starfsleyfi. Rekstraraðili varð því, samanber afgreiðslu sambærilegra mála, að sýna fram á að aðrar ákvarðanir sveitarfélags gæti staðið sem ígildi deiliskipulags.

Skipulagsmálum í Haukamýragili er þannig varið að byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir viðbyggingar og einnig mátti finna gamlar teikningar af upphaflegu mannvirki sem stimplað var af Byggingarfulltrúa Þingeyinga. Þá var framvísað grunnlódasamningi rekstraraðila við Norðurþing frá 2011 þar sem greinilega kemur fram að um er að ræða samning vegna fiskeldisstarfsemi. Umhverfisstofnun telur að með þessu hafi komið fram fullnægjandi gögn og samþykkir þau með tilliti til þess að um er að ræða starfsemi sem hófst í tíð eldri skipulagslaga.

Við gerð sjálfs starfsleyfisins var mest litið á það hvernig taka ætti á frárennismálum. Eins og áður segir var búið að gefa heimild fyrir öðrum lausnum en að veita skólpinu út til sjávar minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Eftir að Umhverfisstofnun bar sig á ný saman við rekstraraðila og heilbrigðisnefnd um gerð starfsleyfisins, kom fram að óskað væri eftir því að stofnunin skoðaði ódýrari leiðir til að tryggja að ekki verði veruleg mengunaráhrif af losun frárennslisins heldur en þá að nota tromlusíur. Fiskeldið Haukamýri ehf. lagði loks fram áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti með lítilsháttar breytingum og felst hún í því að farið verður í nokkrar framkvæmdir á svæðinu, áfangaskipt, til að minnka hættu á mengun. Áætlunin felst aðallega í því að lengja frárennislagnir og koma frárennsli niður fyrir brún sjávarkambs. Verklok eiga að vera fyrir 15. október 2015.

Umhverfisstofnun mun hafa möguleika til óska eftir frekari ráðstöfunum ef til þess kemur að vart verði við uppsöfnun mengandi efna.

Gert er ráð fyrir því að starfsleyfið gildi til ársins 2029.